

ENSK1EG05

Búið til: Mon, 02 Jun 2014 15:55:50 GMT

Titill

Enska 2 á starfsbraut

Skammstöfun

ENSK1EG05

Útgáfunúmer

9

Námsgrein

enska

Viðfangsefni

Enska 2 á starfsbraut

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Meginmarkmið áfangans er að auka grundvallarfærni nemenda í tungumálinu og lögð sérstök áhersla á munnlega tjáningu og að nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða til daglegra samskipta. Einnig er mikil áhersla lögð á námstækni og að nemendur tileinki sér að notast við orðabækur og önnur hjálpargögn, sér í lagi stafræn. Námsfni verður útbúið með það í huga að það styrki nemendur og hvetji til sjálfstæðra vinnubragða, en sérstök áhersla lögð á skapandi verkefni ýmiskonar.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum orðum og orðasamböndum í töluðu og rituðu máli
- rétttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni
- hagnýtri notkun hinna ýmsu stafrænu hjálpartækja sem í boði eru

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með orðaforða í tengslum við hlustunarefni
- taka þátt í samskiptum í kennslustofu
- tjá sig um afmarkað efni í viðfangsefnum sem unnið er með, t.d. í endursögnum eða eigin frásögnum
- beita viðeigandi hjálpargögnum við úrvinnslu ýmiskonar verkefna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja aðalatriði í daglegu máli, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki
- Skrifað og/eða tjáð sig um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum
- hagnýta þann orðaforða sem áfanginn byggir á í ræðu og riti

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**